

Umsögn vegna athugasemda Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík við samkeppni um útilistaverk í Vesturbæ Reykjavíkur.

Árið 2019 kom fram tillaga á *Betri Reykjavík* um að efnt skyldi til samkeppni um útilistaverk í Vesturbæ Reykjavíkur. Tillagan fékk framgang í íbúakosningu og leitaði umhverfis- og skipulagssvið til Listasafns Reykjavíkur um að standa að samkeppni þar sem fjölbreyttur hópur hefði tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum.

Reykjavíkurborg hefur á undanförum árum stigið mikilvæg skref í þá átt að auka hlut listar í almannarými. Farnar hafa verið ýmsar leiðir að þessu markmiði og oft stuðst við samkeppnisreglur SÍM en þó ekki alltaf þar sem reglurnar mæta ekki ætíð kröfum og hugmyndum um þróun og framgang verkefna.

Í samkeppni um útilistaverk í Vesturbæ var óskað eftir því að styðjast við samkeppnisreglur SÍM þó ekki væri um lokaða samkeppni að ræða og er það alveg skýrt í öllum gögnum. Stjórn SÍM samþykkti þær forsendur sem lagt var upp með í keppnislýsingu þannig að samkeppnin var kynnt undir þeim formerkjum að notast væri við samkeppnisreglur SÍM. Dómnefnd var skipuð tveimur fulltrúum SÍM, fulltrúa frá íbúaráði Vesturbæjar, fulltrúa frá umhverfis- og skipulagssviði og fulltrúa úr innkaupanefnd Listasafns Reykjavíkur. Samkeppnin var vel auglýst og allar forsendur skýrar þ.m.t. að hún væri öllum opin. Engar athugasemdir bárust fyrr en eftir að úrslit voru kynnt.

Samkeppnisreglur SÍM eru um margt góðar og hafa það markmið að tryggja rétt listamanna. Í þessari samkeppni var það haft að leiðarljósi að hún væri opin og almenningur hefði tækifæri til að koma fram með hugmyndir og hafa þannig áhrif á umhverfi sitt. Umgjörðin og kröfur um skilagögn voru þó til þess fallin að auka líkur þess að einstaklingar með reynslu af því að vinna listaverk í almannarými næðu þar framgangi.

Það er æskilegt að skapa þá umgjörð að listamenn hafi tækifæri til þess að koma hugmyndum sínum á framfæri og eru samkeppnir þar góður farvegur. Þetta á jafnt við hvort sem þær eru opnar fjölbreyttum hópum eða eingöngu ætlaðar listamönnum. Ætla má að þeir standi öðrum framar þegar kemur að samkeppnum í ljósi reynslu sinnar og þekkingar.

Varðandi niðurstöðu dómnefndar um að verkið *Sjávarmál* skuli reist við Eiðisgranda er það mat undirritaðrar að dómnefndin hafi komist að niðurstöðu um að reisa merkilegt listaverk sem á eftir að standa um langa framtíð sem verðugur fulltrúi listsköpunar á fyrri hluta 20. aldar.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.